

Heilbrigðisráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 13. júlí 2026
Mál nr. 2606073 U.V.H.

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um fjarheilbrigðisþjónustu

Á 1282. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 13. júlí 2026 var umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um fjarheilbrigðisþjónustu, mál nr. S-107/2026 í samráðsgátt stjórnvalda, tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð Húnaþings vestra gerir í meginatriðum ekki athugasemdir við inntak reglugerðardraganna og markmið hennar. Ráðið vill hinsvegar benda á að rik auðkenningarkrafa getur komið í veg fyrir að viðkvæmasti notendahópurinn geti nýtt sér fjarheilbrigðisþjónustu. Vill ráðið þá einkum benda á þá sem nota fjarþjónustu í heimahúsum, svo sem eldri borgara, fólk með heilabilun, fólk með skerta hreyfingu o.s.frv. Fyrir hluta þessara þjónustuþega getur auðkenning með rafrænum skilríkjum reynst þröskuldur sem erfitt er að komast yfir af ýmsum ástæðum. Ráðið tekur undir athugasemd þá sem fram kemur í umsögn Dala ehf. Þar sem segir:

„Reynslan af þeim lausnum sem þegar eru í notkun fyrir fjarinnlit sýnir að hagræðið og gæði þjónustunnar eru veruleg þegar fjarinnlit eru notuð í bland við hefðbundna heimaþjónustu. Sá ávinningur næst hins vegar aðeins ef notandinn kemst raunverulega inn í samtalið. Auðkenningarþröskuldur sem hentar vel í almennri fjarheilbrigðisþjónustu getur orðið að óyfistíganlegri hindrun fyrir einmitt þann hóp sem fjarþjónustan á að styðja.”

Byggðarráð vill jafnframt leggja áherslu á að fjarheilbrigðisþjónusta verði aldrei skilgreind sem sjálfgefinn eða fyrsti kostur við veitingu heilbrigðisþjónustu. Byggðarráð telur að meginreglan eigi ávallt að vera sú að einstaklingar eigi kost á þjónustu augliti til auglitis, óháð búsetu, en fjarþjónusta sé viðbót sem nýtt er þegar hún þjónar hagsmunum notandans. Sé þessari meginreglu ekki fylgt, er hætt á að íbúar landsbyggðarinnar búi við lakari aðgang að opinberri þjónustu en aðrir, og að stafræn þjónusta verði í reynd staðgengill fyrir þá nærþjónustu sem þeir eiga sama rétt á og aðrir landsmenn.

Stafrænar lausnir mega þannig aldrei verða réttlæting fyrir fækkun staðbundinna þjónustukosta eða veitingu heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Slík þróun myndi skapa tveggja þrepa heilbrigðiskerfi þar sem búseta ræður því hvort fólk á raunverulegan kost á þjónustu í persónu eða eingöngu í gegnum skjá.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við heilbrigðisráðuneytið um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,


The image shows a handwritten signature in blue ink, which appears to read "Unnur Valborg Hilmarsdóttir". The signature is written over a circular blue stamp. The stamp contains the text "SVEITARSTJÓRI" at the top and "HÚNAÞINGS VESTRA" at the bottom, with a small shield emblem in the center.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.